

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/778*  
*komudagur 6.1.2014*

Allsherjar- og menntamálanefnd

Alþingi

150 Reykjavík

Bifröst 6. janúar 2013.

**Umsögn um tilögu til þingsályktunar um seinkun klukkunnar og bjartari morgna (197. mál).**

Eindregið er mælt gegn samþykkt ofangreindrar tillögu um að færa klukkuna aftur einn klukkutíma og vera á vetrum einum tíma á eftir UTC (Coordinated Universal Time) eða klukkunni á Bretlandseyjum og tveimur tímum á sumrin. Þvert á móti er ástæða til að vera allt árið á sömu klukku og Bretlandseyjar, þ.e. taka upp sumartíma með því að færa klukkuna fram um eina klukkustund frá vori fram á haust m.v. núverandi stöðu.

Birta nýttist almenningi mun betur á vetrum með því að hennar njóti síðdegis eins og nú er en á vesturhluta landsins er sól í hádegisstað um kl. 13:30. Er þá átt bæði við útiverk sem tengjast atvinnu og ferðalögum og eins þarfir almennings fyrir útivist.

Fjölmörg verk þarf að vinna úti á vetrum hvort heldur er í þéttbýli eða til sveita. Í þéttbýlinu er unnið við byggingar og margvísleg viðhalds- og þjónustuverkefni utandyra á vetrum. Ekkert er unnið við að flytja birtutímamann framur á vinnudaginn yfir mesta skammdegið heldur yrði það frekar til trafala. Dimmi tíminn að morgni nýttist til undirbúnings og lengst af er hægt að viðunandi birtu allt til lok venjulegs starfsdags milli 16:00 og 17:00. Dagurinn í heild yrði ódrýgri til verka ef birtan væri búin milli 15:00 og 16:00 og birtutíminn í raun slíta sundur vinnudaginn.

Fyrir útivist almennings skiptir miklu máli að birtan sé sem mest síðdegis þegar fólk hefur almennt tíma til útivistar. Möguleiki fyrir gönguferðir, hestamennsku eða aðra íþróttaiðkun utandyra eftir vinnutíma takmarkast verulega með því að flytja birtutímamann af síðdeginu yfir á morguninn. Skíðaiðkun takmarkast þá nánast alfarið líka við upplýst svæði og ýmis konar útivist s.s. vélsleðaakstur sömuleiðis. Einna mest takmarkast þó útivist barna sem einna helst fá notið útivistar eftir að skólatíma lýkur síðdegis. Bæði er þá verið að hafa ánægju af börnunum og skapa óþarfa hættu því að almennt er síður æskilegt að börn séu að leik úti eftir að dimma tekur.

Rökstuðningurinn fyrir því að færa klukkuna aftur virðist annars vegar byggja á því að einhver óhjákvæmileiki fylgi því að stilla klukkuna sem næst 12:00 þegar sól er hæst á lofti og hins vegar rannsóknum á þunglyndi í Reykjavík. Við þessi rök er ýmislegt að athuga.

Almennt gildir að fólk vill haga vinnu sinni og frítíma eftir því sem hentar best. Ástæðan fyrir því að flestar þjóðir taka tekið upp sumartíma er sú að þá nýtur birtu og yls lengur fram á kvöld og það skapar margvíslega möguleika til útiveru að loknum vinnudegi. Hér á landi hefur þessarar viðleitni gætt í því að ýmsir vinnustaðir hafa flutt til dagvinnutímamann og byrjað vinnu fyrr á morgnana til þess að fólk ljúki vinnu fyrr og eigi möguleika á að nota birtuna og ylinn betur. Slíkum tilflutningi eru þó alltaf takmörk sett vegna þess að öll þjónusta og starfsemi er hver annarri háð og samfélagið þarf að stilla sig saman í aðalatriðum hvernig vinnu og frítíma er hagað.

Þunglyndisrannsóknir nokkurra lækna á Íslandi sem í sjálfu sér eru merkilegar á ekki að nota til að draga svo víðtækar ályktanir að færa þurfi klukkuna aftur um einn klukkutíma. Þessar rannsóknir eru í eðli sínu of takmarkaðar til að byggja á slíka ákvörðun. Ef svona ályktun er rétt segir hún líka að almennt ætti að gilda að þeir sem búa vestast í klukkusvæði ættu að vera þunglyndari en þeir sem búa austast á sama svæði. Eru Austfirðingar þannig ekki jafn þunglyndir og Reykvíkingar? Eða getur einhver lagast af þunglyndi með því að flytja austur á land? Eru einhverjar samanburðarrannsóknir sem gefa eitthvað til kynna um þessi mál?

Auðvelt er að skoða hvernig klukka er stillt af miðað við tímabelti á meðfylgjandi korti. Þar kemur m.a. fram að Vesturhluti Íslands er ekki sérstaklega úr takt við aðra heimshluta á sömu breiddargráðu. Mjög algengt er að klukka sé stillt af með svipuðum hætti og hér á landi að sól sé hæst á lofti töluvert eftir kl 12:00.

(Tímabeltin og stillingar klukkunnar má sjá á meðfylgjandi vefsíðu.)

<http://www.timeanddate.com/time/map/>

Vesturhluti Íslands er um einu og hálfu tímabelti vestar en London sem klukkan er stillt eftir. Á Grænlandi á sömu breiddargráðu og Ísland er klukkan hæst á lofti í kringum 12:00. Sama gildir um tvö næstu klukkusvæði í Kanada (tímabelti -5 og -6). Vestast í -7 tímabeltinu er klukkusvæðið teyggt til vesturs með svipuðum hætti og á Vesturhluta Íslands og lík staða er í -8 tímabeltinu. Í -9 tímabeltinu sem markar klukkuna í Alaska er fráviknið enn meira en á Vesturhluta Íslands og Vesturhluti Alaska er á klukkusvæði tveimur tímabeltum vestar en þar sem sól er hæst á lofti kl 12:00.

Sé haldið til austurs frá Íslandi kemur í ljós að í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er ekki teljandi munur á tímabelti og klukkusvæði. Þegar komið er til Rússlands vikur öðru við. Vestasti hluti Rússlands er á klukkusvæði nálægt einu tímabelti frá því sem gefur sól hæst á lofti kl 12:00. Vestasti hluti næsta klukkusvæðis er tveimur tímabeltum frá sól hæst á lofti kl 12:00 (+6 tímabeltið) og þar á eftir munar tveimur og hálfu tímabelti (+8 tímabeltið). Enn austar helst þessi munur nokkurn veginn.

Þess má geta að í Rússlandi er alls staðar sumartími þar sem klukkan er færð fram um eina klukkustund frá vori fram á haust. Í Kanada og Alaska eru mismunandi reglur eftir svæðum.

Nægur efniviður ætti að vera til alþjóðlegra heilsufarsrannsókna til þess að undirbyggja ákvörðun um að færa klukkuna aftur um eina klukkustund. Það þarf ekki að byggja slíka ákvörðun á rannsóknum á fólki á takmörkuðu svæði eingöngu. Ef réttar ályktanir eru dregnar af rannsóknum íslenkra lækna ætti það almennt að gilda fyrir sömu breiddargráðu að þunglyndi sé meira vandamál vestast á sömu klukkusvæðum en austast og því meiri munur á þunglyndisvandanum eftir því sem sama klukkusvæðið nær yfir fleiri tímabelti. Æskilegt er að nefndin kanni hvort slíkar rannsóknir liggja fyrir.

Oftar en einu sinni hefur verið lagt fram frumvarp um að taka upp sumartíma á Íslandi. Þá yrði klukkan færð fram um eina klukkustund á vori og til baka að haust út frá núverandi stöðu og sól þannig hæst á lofti um 14:30 á Vesturhluta landsins á því tímabili. Slík breyting yrði mjög til góðs fyrir almenning á Íslandi. Stutt og svöl sumur myndu nýttast betur til margvíslegrar útiveru og hægt væri að stunda íþróttir og útivist eftir vinnutíma mun lengur fram á haust en nú er. Þetta skiptir miklu máli sérstaklega fyrir knattspyrnu og golf. Breyting af þessu tagi hefur líka mikla þýðingu fyrir staði á Íslandi sem umluktir eru háum fjöllum og sólin hverfur snemma.

Háttvirtir þingmenn eru sérstaklega hvattir til þess að hlusta á komandi vori eftir fuglasöng en í ákveðnum vikum þegar birtan hefur aukist og náttúran farin að vakna af vetrardvalanum má reikna með því að svo sem eins og einum klukkutíma fyrir venjulegan fótaferðartíma hefjist hávær fuglasöngur. Fyrir suma er þetta eins og yndislegir tónleikar og merki um að allt sé á uppleið. Fyrir aðra er þetta eins og að heyra háværa unglunga koma úr gleðskap undir morgun og láta vekja sig klukkutíma of snemma. Á þessum tíma verður sú spurning mjög áleitin af hverju ekki er búið að færa klukkuna fram um einn klukkutíma þannig að þjóðin geti sameinast um að njóta fuglasöngsins einmitt þegar flestir eru að fara á fætur.

Vilhjálmur Egilsson